

**104**

21. okt.

2. gr.

Möskvar á dragnótum mega ekki vera styttri á hvern veg en hér segir:

1. Í poka dragnóta 55 mm. (leggurinn).
2. Í væng dragnóta 65 mm. aftast en 70 mm. fremst.

Þessar lágmarksstærðir ná til allra dragnóta, sem notaðar eru í landhelgi, hvort sem þær eru ætlaðar til bolfisksveiða eða flatfisksveiða.

3. gr.

Skarkoli, sem flytja má í land, má ekki vera styttri en 27 cm. (að jafnaði ekki undir 250 gr. að þyngd).

4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt lögum nr. 55, 7. maí 1928.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 85, 6. júlí 1932 til þess að öðlast gildi 1. janúar 1933, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. október 1932.*

**Magnús Guðmundsson.**

---

*Vígfús Einarsson.*

**105**

25. okt.

**REGLUGERÐ**

um

**breyting á reglugerð um notkun pósta 25. marz 1925.**

Aftan við 12. gr. skal bætt nýrri málsgrein sem hér segir:

Samkvæmt 3. gr. í lögum nr. 29, 23. júní 1932 skulu taxtar fyrir böggla, sem fluttir eru með póstbílum vera 5 aurar fyrir hvert kílógramm eða minna af þyngd böggulsins fyrir hverja 50 kílómetra auk hins venjulega bögglaburðargjalds.

Gjald þetta, sem heitir „bilbögglagjald“, skal taka í stað landburðargjalds þess, sem ræðir um í 11. gr. póstlaga 7. maí 1921, þegar hægt er að senda böggla áfram landveg með póstbílum eingöngu.

Fyrir útlenda böggla hingað er bilbögglagjaldið tekið eftir á af viðtakanda en fyrir fram undir böggla héðan til útlanda. Undir innlenda böggla má taka það, hvort sem vill, fyrir fram eða eftir á eftir ósk sendanda.

Í staðinn fyrir 13. gr. I. Bréfasendingar, liðina a, b og c, komi:

105

25. okt.

I. Bréfasendingar:

- a. almenn bréf, allt að 500 grömm á þyngd þegar borgað er undir fyrir fram  
allt að 20 grömm ..... 10 aurar  
yfir 20 grömm allt að 125 grömm ..... 20 —  
— 125 grömm að 250 grömm ..... 40 —  
— 250 grömm að 500 grömm ..... 60 —

Burðargjald undir þyngri bréf er helmingur venjulegs burðargjalds. Brot úr eyri telst sem heill eyrir.

- b. bréfspjald ..... 10 aurar  
bréfspjald með borguðu svari ..... 20 —

Séu frimerki eigi viðhöfð eða eigi næg frimerki, skal auk hins ógreidda burðargjalds taka 10 aura fyrir hverja sendingu, þó ekki meira en burðargjaldið tvöfalt.

- c. prent, verzlunarskjöl (um verzlunarskjöl gilda alþjóðaákvæði), og sýnishorn af vöru fyrir hver 50 grömm ..... 5 aurar  
Lágmarkstaxti fyrir verzlunarskjöl er ..... 10 —

Ábyrgðargjald fyrir sendingar þær, sem nefndar eru undir a., b. og c. er 30 aurar.

Í staðinn fyrir 13. gr. IV. komi:

- Böggull allt að 10 kílógrömm að þyngd þegar borgað er undir fyrirfram  
allt að 1 kílógr. .... 30 aurar  
yfir 1 kg. allt að 5 kg. .... 40 —  
— 5 kg. allt að 10 kg. .... 50 —

Ábyrgðargjald og gjald fyrir talningu er hið sama og fyrir peningabréf. Undir fylgibréf skal nota eyðublöð þau, sem pósthjórnin gefur út.

Innanbæjarburðargjald eða staðartaxti gildir um allt Seltjarnarnes fyrir vestan Elliðaár og norðan Fossvog og milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Á svæðinu frá Fossvogi til Hafnarfjarðar að Hafnarfirði meðtöldum skal þó eins og annarsstaðar á landinu taka bilbögglagjald fyrir böggla, sem koma lengra að en úr umdæmi pósthússins í Hafnarfirði og pósthússins í Reykjavík, hvort heldur er innanlands eða utan.

Að öðru leyti skulu reglur þær, sem póstlögin og reglugerð þessi setja, einnig gilda um sendingar þessar, þar sem eigi er annars getið.

Í staðinn fyrir fyrirsögnina og 1. málsgrein 16. greinar komi:

Frimerki og frimerkingarvélar.

Fyrir flutning með póstum á munum þeim, sem ræðir um í þessum kafla, er hægt að borga fyrirfram með frimerkjum eða bréfspjöldum, sem pósthjórnin gefur út, en eigi með útlendum frimerkjum.

Ennfremur er hægt að borga undir umræddar sendingar með ástimplunum frimerkingarvéla.

Aftan við 16. gr. skal bætast við sem hér segir:

Frimerkingarvélar má nota í stað frimerkja til stimplunar fyrir burð-

**105** argjaldi á öllum tegundum póstsendinga, með því skilyrði að stimpillinn sé  
25. okt. nægilega greinilegur.

Það er einungis leyfilegt að nota þær tegundir véla, sem póststjórnin hefir viðurkennt. Nauðsynlegar upplýsingar um það fást á pósthúsunum. Afhending frimerkingarvéla má aðeins fara fram til þeirra manna og firmna o. s. frv., sem hafa fengið sérstakt leyfi hjá póststjórninni til þess að fá sér slíkar vélar. Beiðnir um þesskonar leyfi skal senda skriflega til póstafréiðanda í þeim pósthúsum, sem francostimplaðar póstsendingar eiga að afhendast á, sem afgreiðir þær til póststjórnarinnar.

Vél, sem keypt er, má ekki taka til notkunar fyrr en hlutaðeigandi póstafréiðandi eða annar póstmaður í umboði hans, hefir skoðað hana og læst henni eða gengið svo frá henni að tryggilegt sé.

Umboðsmaður verksmiðjunnar á að vera viðstaddur slíka skoðun. Notandi vélarinnar og umboðsmaður verksmiðjunnar fá hvor um sig vottorð um skoðunina. Notandi fær auk þess eitt eintak af ákvæðum þessum og nægilegan forða af afhendingarskrám.

Póstafréiðandi getur hvenær sem er afturkallað leyfið, ef sýnt þykir að vélin vinni póststjórninni í óhag eða ef um misnotkun er að ræða. Sama gildir einnig ef seljandi eða notandi hlítir ekki settum reglum. Ákvæðunum má breyta hvenær sem er, en tilkynna skal þó notendum skriflega eins fljótt og auðið er allar breytingar.

Notandi ber ábyrgð gagnvart póststjórninni á öllu tapi eða skaða, sem póststjórnin kann að verða fyrir vegna notkunar vélarinnar í þjónustu hans.

Vélina má ekki nota til stimplunar á póstsendingum frá öðrum en notanda.

Nafn sendanda og verksmiðju-, verzlunar- eða vörumerki skal vera greinilega sett á framhliðina á hinum stimpluðu sendingum. Nafnið má vera stytt og í stað þess má nota pósthólfsnúmer eða annað þekkjanlegt auðkenni notanda. Nafn notanda eða auðkenni hans má setja í stimpilinn. Vanti þetta er frimerkingin ógild og sendingarnar verða afhentar sendanda.

Stimplarnir skulu vera efst í hægra horni utaná-skriftarmegin og rauðir að lit.

Frimerkingar- og dagstimpill skulu vera að gerð og útliti eins og póststjórnin ákveður. Í frimerkingarstimplinum skal auk þess vera númeratala til að auðkenna vélina. *Mótin álitast eign póststjórnarinnar* og geta því ekki nema með hennar samþykki fylgt vélinni, verði að henni notendaskipti.

Frimerkingin skal að jafnaði framkvæmd með einum frimerkingarstimpli. Ef þörf krefur má þó setja fleiri stimpla á sendinguna, en þá skal vera nokkurt bil á milli þeirra. Einnig má, ef nauðsyn krefur, líma frímerki á við hliðina á stimplinum. Bæði frimerkingar- og dagstimpill skulu vera greinilegir og það sem í stimplinum stendur — númeratala og dagsetning — rétt. Ógreinileg eða röng stimplun hefir í för með sér endursendingu til sendanda. Með því að snúa sér til pósthússins, getur þó notandi fengið skipt á ónothæf-

um stimplum og frímerkjum eftir sömu reglum og gilda um skipti á frímerkjum, ef beiðnin kemur innan þriggja daga. Umslögín eða spjaldbréfin með stimplunum skulu fylgja beiðninni. 105  
25. okt.

Póststjórnin ber enga ábyrgð á afleiðingum þeim, sem röng dagsetning í stimplinum kann að hafa í för með sér.

Frímerkingarstimpil má ekki nota á aðrar sendingar með því að klippa eða skera hann út úr hinnu upprunalegu sendingu, þó má á sendingar, sem að lögum eða innihaldi útiloka það að stimpill frímerkingarvéla sé settur beint á umslagið eða umbúðirnar, líma miða með frímerkingarstimpli og utnáskrift viðtakanda. Þar að auki skal á miða þessum vera nafn sendanda, ef það er ekki í frímerkingarstimplinum.

Slíkar sendingar skal afhenda pósthúsinu sérstaklega, en ekki innanum aðrar sendingar stimplaðar með frímerkingarvél.

Sendingar þessar skal strax stimpla með dagstimpli, þótt sendingar með frímerkingarstimpli skuli venjulega eigi stimpla með dagstimpli pósthússins.

Sendingar, sem frímerktar eru með frímerkingarvél, skal afhenda á pósthúsið ásamt afhendingarskrá. Almennan póst, sem ekki verður lokið við innan lokunartíma má þó — eftir nánari reglum, sem pósthúsið setur — láta í póstkassa, sem pósthúsið tæmir eða í skipskassa, ef pósthúsið er í skipinu, og skulu þær sendingar húntaðar á sama hátt og að neðan greinir og þeim fylgja skrár.

Á pósthúsum í mörgum deildum getur forstöðumaðurinn krafizt að sérstök afhendingarskrá fylgi við afhendingu í hverja deild. Póstafgreiðendurnir ákveða tímann er sendingarnar skulu afhentar á póst. Notendur fá eyðublöð undir afhendingarskrár afhent á pósthúsunum. Þegar sendingum er skilað skal þeim ræðað þannig, að þær liggi allar eins og hver burðargjaldsflokkur fyrir sig. Sendingum með fleirum en einum frímerkingarstimpli og sendingum með frímerkjum við hliðina á stimplinum skal einnig ræðað sér. Sé póstur sendanda venjulega mikill, geta pósthúsin heimtað nákvæmari sundurlestur, t. d. innanbæjarsendingar sér, innanlands sér og sendingar til útlanda sér.

Án samþykkis hlutaðeigandi póstafrgreiðanda, eins og að ofan greinir, má ekki leggja þesskonar sendingar í póstkassa. Finnist slíkar sendingar í póstkössum skulu þær endursendar sendanda, ef nafn hans er á sendingunni, annars álitast sem ófrímerktar.

Frímerkingarvélar má ekki nota við aðrar sendingar en þær, sem fluttar eru viðtakendum með pósti, jafnvel þótt flutningarnir komi eigi í bága við einkarétt póststjórnarinnar.

Þegar vélfrímerktar sendingar eru settar á póst, skal bera sendingarnar nákvæmlega saman við afhendingarskrárnar, sem fylgja, og reikna burðargjaldið eftir. Þvínaest færast heildarupphæð hverrar skráar á sérstakan reikning fyrir hverja vél, til eftirlits með að mælarnir vinni rétt og misnotkun komi ekki fyrir.

Vélfrímerktar sendingar skal ekki dagstimpla að nýju af pósthúsinu

**105** (nema sendingarnar séu orðnar allt að viku gamlar frá því þær voru vélfrímerktar).  
25. okt.

Allar vélar, sem viðurkennast, skulu vera af kassagerð. Mælarnir eru settir í af pósthúsunum. Um leið skal greiða burðargjaldsupphæðina, og gefur pósthúsið kvittun fyrir henni. Frímerkingarkort í þær vélar, sem þannig eru gerðar, fást keypt á pósthúsunum. Þegar nýtt kort er keypt skal pósthúsinu skilað hinu gamla. Sé ekki hægt að afhenda hið notaða kort er notandi skyldugur að greiða pósthjórninni hið áritaða verð þess.

Verði vart við galla í vélinni, skal notandi hætta að nota hana og tilkynna pósthúsinu þegar í stað.

Varavél má ekki nota fyrr en skoðun hefir farið fram eins og segir að framan. Eftir aðgerðina má gamla vélin heldur ekki takast til notkunar fyrr en slikt skoðun hefir farið fram.

Pósthjórnin hefir rétt til þess að láta skoðun fara fram á vélum í notkun hvenær sem er.

Slikt skoðun skal þó aðeins fara fram á þeim tímum, sem notandi hefir venjulega opið.

Frímerkingarkort frímerkingarvéla skulu gefin út með áframhaldandi númerum fyrir hvert ár og að auki í efra vinstra horni með áframhaldandi númerum fyrir hverja vél. Kort þessi færast til reiknings á sama hátt og venjuleg frímerki.

Tekjur af frímerkingarvélum þar sem ekki er notað frímerkingarkort, færast pósthjóði til tekna mánaðarlega með sérstakri skrá fyrir hverja vél.

Í fyrstu málsgrein 24. greinar komi „250“ í stað „125“ og aftan við þessa 24. grein skal bætast það er hér segir:

Á pósthúsinu í Reykjavík er hægt að fá blöð og tímarit póstárituð og getur það tekið á móti blöðunum frá útgefendum eða beint úr prentsmiðjunni, þegar búið er að láta pósthúsinu í té skrá yfir áskrifendurna með heimilisfangi og pósthóð en slikt skrá skal afhent viku áður en blöðin eða ritin eiga að sendast út frá pósthúsinu.

Pósthúsið getur þó eigi tekið á móti blöðum til afgreiðslu á þennan hátt, sem koma út oftar en einu sinni í viku eða hafa meira en 2000 áskrifendur.

Fyrir utan venjulegt burðargjald skal borga fyrir póstáritun blaða einn eyri fyrir hvert blað eða hefti og 10 aura fyrir hvern áskrifanda eða breyting á heimilisfangi áskrifanda.

Ef áskrifendaskrá þeirri, sem áður er getið að skuli afhent áður en blaðið er sent út, er svo ábótavant að hún þurfi að leiðréttast á pósthúsinu skal taka fyrir það sérstakt gjald, er telst 1 kr. fyrir hverja vinnustund, sem til þess gengur.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. október 1932.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vígfús Einarsson.*